



Upplýsingar um umsóknina

Athygli umsækjanda er vakin á því að hægt er að uppfæra notendaupplýsingar undir flípanum Notandi. Þetta getur sérstaklega átt við þegar umsækjandi hefur áður sótt um starfsleyfi en upplýsingar um hann ekki verið endurnýjaðar.

Umsækjandi skal tryggja að nauðsynlegar upplýsingar komi fram í umsókn, samanber 6. grein 550/2018, einkum liðum a til k í annarri málsgrein.

Dæmigerður ferill umsóknar: Dæmigerður ferill máls um starfsleyfisumsókn.pdf

Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemi að koma fram:

Ábyrgðarmaður umsóknar	Bryndís Skúladóttir
Sími ábyrgðarmanns	8246113
Netfang ábyrgðarmanns	bryndis@vso.is
Nafn fyrirtækis	Malbikstöðin ehf.
Kennitala fyrirtækis	700402-7890
Starfsstöð fyrirtækis	Koparsléttu 6-8
Póstnúmer og staður	162 Reykjavík
Sími fyrirtækis	8641220
Netfang fyrirtækis	info@malbika.is
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar	Vilhjálmur Þór Matthíasson
Sími tengiliðs	8461220
Netfang tengiliðs	villi@malbika.is

Upplýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Sótt er um starfsleyfi fyrir malbikunarstöð þar sem tekið er á móti hráefnum, biki og olíu og malarefnum og framleitt malbik til að leggja á vegi, götur og stiga. Áætlað er að reisa malbikunarstöð af gerðinni Amomatic 160 CM sem er framleidd í Finnlandi. Stöðin hefur áætlaða afkastagetu 160 tonn/klst. Sett verður upp ný stöð sem flutt er inn frá Finnlandi sem uppfyllir nógildandi kröfur og staðla í Evrópu, sjá meðfylgjandi yfirlýsingu frá framleiðanda um hvaða staðla og reglugerðir um ræðir. Um er að ræða færanlega stöð komi til breytinga á landnotkun á svæðinu síðar meir.

Byggingar sem gert er ráð fyrir á lóðinni eru skrifstofuhúsnæði, malbikunarstöð, síló og efnislager. Einnig verða reist rannsóknarstofa, starfsmannaðstaða og áhaldageymslur.

Bik og olía, allt að 200 m³, verða geymd á lóðinni í nokkrum geymum. Sá stærsti allt að 100 m³. Þá er gert ráð fyrir eldsneytistank á lóð, allt að 40 m³ að rúmmáli. Steinefnalager verður u.þ.b. 4.000 m² að flatarmáli og 10.000 m³ að rúmmáli.

Gert er ráð fyrir að taka við fræstu malbiki til endurvinnslu, þ.e. til íblöndunar í nýtt malbik. Einnig er fyrirhuguð framleiðsla á bikþeytu.

Uppdrættir af staðsetningu	18605_umhverfisskýrsla_191129.pdf
Afrit af staðfestu deiliskipulagi	2018-0000_201806060_ski_1.pdf
Lýsið staðháttum við vinnslustað (rekstrarsvæði)	18605_umhverfisskýrsla_191129.pdf

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Framleiðsluvaran er malbik og í hana er notað bik, steinefni, fylliefni, amínefni (EvoTherm viðloðunarefni), SBS fjöllíður og SMA. Notuð er raforka, gasolía og metan.

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Losun í andrúmsloft: CO og NO_x myndast við framleiðsluna.

Ryk: Ryk kemur frá framleiðsluferli og frá meðhöndlun og geymslu steinefna.

Vatn: Affall frá stöðinni er frá starfsmannaaðstöðu annars vegar og hins vegar það sem kemur þegar hreinsað er af pláni, þ.e. hugsanlegt ryk og olíusmit.

Jarðvegur: Hugsanlegt olíusmit getur mengað jarðveg ef það kemst í snertingu við hann.

Lykt: Lykt af biki og malbiki

Hljóð: Hljóð frá vélbúnaði svo sem framleiðslu, flutningabílum og meðferð með steinefni.

Ísland skilar losun á eftirfarandi efnunum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnunum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali: Listi skil til althjodasamninga.xlsx

Losunartölur vegna alþjóðasamninga

Mat á umhverfisáhrifum (samanber 6. málsgrein 6. greinar reglugerðar 550/2018)

Upplýsingar um stöðu mats á umhverfisáhrifum eða matsskyldu fyrirspurnar

Send var fyrirspurn um málsmeðferð til Skipulagsstofnunar þann 7. febrúar 2019. Óskað var eftir álit Skipulagsstofnunar á því hvort malbikunarstöð falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum, miðað við stærð og umfang framleiðslunnar. Svar sem barst þann 18. febrúar 2019 er á þá leið að fyrirhugaðar framkvæmdir falli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?

18605_umhverfisskýrsla_191129.pdf

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Loftmengun:

- afsog, t.d. frá brennurum, þurrkurum, blöndurum og flutningslyftum verður hreinsað í reykhreinsibúnaði sem síðan streymir út um skorstein. Sjá nánari upplýsingar í tæknilýsingu.

Ryk:

- Umhverfis lóð verði veggir að hluta til að skerma starfsemi stöðvarinnar af og draga úr hættu á að efni fjúki af lóð.
- Yfirbreiðslur á vörubíla
- Gróður á lóð hindrar fok

Frárennsli:

- Olíuskilja og sandskilja verður sett upp og frárennsli af lóð leitt um hana
- Áfylling og meðferð olíuefna fer fram á olíuheldu áfyllingarplani og afrennsli er leitt í olíuskilju
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna verður með þeim hætti að ekki stafi hættu af

Lykt og hávaði:

- Starfsemin fer að mestu fram í lokuðum rýmum sem dregur úr hávaða og lyktarmengun

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út 18605_umhverfisskýrsla_191129.pdf í umhverfið?

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Innra eftirlit með sumum umhverfisþáttum er innbyggt í stjórnkerfi malbikunarstöðvarinnar, s.s. skráning á viðhaldi, eftirlit og bilunum með búnaði. Hér er bæði átt við búnað sem getur valdið olíuleka og einnig mengunarvarnarbúnað, s.s. reykhreinsivirki og olíugildur.

Í rekstrarkerfi verða verkferlar um daglegt, vikulegt eða mánaðarlegt eftirlit með öðrum umhverfisþáttum t.d. varnir við foki og mengunarvarnarbúnaði. Einhverjir umhverfisþættir eru vaktaðir í samstarfi við sérfróða aðila.

Í verklagi varðandi þjálfun starfsmanna verður farið yfir mengunarvarnir, meðferð hættulegra efna og viðbrögð við umhverfisóhöppum.

Öryggisblöð fyrir hættuleg efni verða til staðar.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Málmar, pappír, pappi, plast sem fellur til verður flokkað og sent til endurvinnslu

Olíuúrgangur og önnur spilliefni verða send í spilliefnamóttöku.

Óverulegt magn fellur til í framleiðsluferlinu, það sem ekki er nýtanlegt í framleiðslu er fargað hjá viðurkenndum móttökuaðila.

Tekið er við malbiki til endurvinnslu sem er úrgangur og er endurunnið í malbik.

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Magn og gerð efnis sem sent er til endurvinnslu eða endurnýtingar er skráð en óverulegt magn fellur til við framleiðslu, það sem ekki er nýtanlegt í framleiðslu er fargað hjá viðurkenndum móttökuaðila.

Magn og gerð spilliefna sem falla til er skráð, þ.e. olíur af mótorum, ílát íblöndunarefna.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að dragaEkki er vitað til að aðferðirnar valdi mengun annars úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar staðar.

Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif?

Ekki er vitað til að losunarþættir hafi í för með sér sammögnunaráhrif.

Skýrsla um grunnástand (ef við á)

Í reglugerð nr. 550/2018 segir í 15. gr.; „Þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinna hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært.“

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um skýrslur fyrir grunnástand%lt;/a>.

Skýrsla um grunnástand sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 550/2018

Valkostir í áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun í umhverfið

Annað

Sýniseintök til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Sótt er um starfsleyfi fyrir malbikunarstöð við Koparsléttu 6-8. Sett verður upp ný stöð sem flutt er inn frá Finnlandi sem uppfyllir núgildandi kröfur og staðla í Evrópu. Hönnun og umgjörð lóðarinnar er með þeim hætti að hávaði, ryk og lykt sem berist frá stöðinni verði í lágmarki. Mengunarvarnarbúnaður er af nýjustu gerð, þ.m.t. afsogsbúnaður og hreinsun frá framleiðslu. Helstu álagsþættir á umhverfi eru útblástur frá framleiðslu og ryk frá framleiðslu sem og geymslu og meðhöndlun steinefna. Einnig má búast við einhverjum hávaða frá tækjum og vélum og lykt frá framleiðslu. Ekki er gert ráð fyrir beinni losun í jarðveg eða vatn en hugsanlegt olíusmit, olíulekar og ryk gæti fallið á lóð og færi þá með niðurfalli um olíuskilju og sandskilju.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri	Umsókn um breytingu á deiliskipulagi er í vinnslu hjá skipulagsyfirdum.
Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar	Malbikstöðin_áætlun vegna rekstrarstöðvunar_191118.pdf
Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar	Malbikstöðin_áætlun vegna rekstrarstöðvunar_191118.pdf

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við Tryggingar Malbikstöð.docx lög nr. 33/2004

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda	Malbikstöðin_viðbragðsáætlun_191118.pdf
Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda	Malbikstöðin_viðbragðsáætlun_191118.pdf
Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)	
Viðbótargögn	14599D TECH SPEC AMOMATIC 160 SM.pdf
Viðbótargögn	EC Declaration 14599.pdf
Yfirlýsing	